

## **Family Circus**

### **Fjölskyldusirkus**

Fyrir börn á aldrinum 4-8 ára

2-6 leikmenn

42 spil

15 mínútur

### **Markmið leiksins: að sameina margar fjölskyldur.**

Spilið er tilvalið til að þjálfa:

- Athygli
- Einbeitingu
- Herkænsku

### **Undirbúningur:**

Spilin eru stokkuð og hverjum leikmanni gefin 4. Afgangsspilin mynda dragbunka. Leikið er réttssælið. Yngsti leikmaðurinn byrjar.

### **Leikreglur:**

Hver fjölskylda samanstendur af 6 spilum: afi, amma, pabbi, mamma, dóttir og sonur.

Leikmenn skiptast á að biðja andstæðing að eigin vali um spil sem honum vantar til að mynda heila fjölskyldu. Til dæmis "Áttu dótturina úr galdramannafjölskyldunni?"

Ef andstæðingurinn á spilið sem beðið er um, verður hann að láta það af hendi. Leikmaðurinn má þá biðja um annað spil, annað hvort frá sama andstæðingi eða öðrum. Ef andstæðingurinn á ekki umbeðið spil, dregur leikmaðurinn úr dragbunkanum. Ef hann dregur rétta spilið segir hann "Vel dregið!" og heldur áfram að leika. Annars á næsti leikmaður leik.

Þegar leikmaður hefur safnað í heila fjölskyldu, leggur hann spilin niður og segir "fjölskylda". Í leikslok, sigrar sá sem sameinað hefur flestar fjölskyldur.